

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Persónuverndar.

*1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Persónuvernd?*

Í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, er kveðið á um að Persónuvernd sé sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn. Í sömu lögum er svo nánar kveðið á um hlutverk Persónuverndar.

*2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Persónuverndar og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til Persónuverndar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 eru 305 millj. kr. Hvorki er í lögum um opinber fjármál, gildandi fjárlögum frá Alþingi, né í bókhaldi stofnana gert ráð fyrir að fjárréiður þeirra séu sundurgreindar eftir einstökum lögbundnum verkefnum.